

Kirkjugarður í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp

Guðrún Sveinbjarnardóttir
Sigurður Bergsteinsson



16

Kirkjugarður í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp

Sigurður Bergsteinsson
Guðrún Sveinbjarnardóttir



Ljósmynd á forsiðu: Gamla kirkjugarðshleðslan í Vatnsfirði. Ljós. Sigurður Bergsteinsson

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Guðrún Sveinbjarnardóttir og
Sigurður Bergsteinsson

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Fyrri rannsóknir og lýsingar á staðnum	5
2. Heimildir um og rannsóknir á neðanjarðargöngum og virkjum annars staðar á Íslandi	6
Rannsóknin 1997	8
3.1. Mannvirki A	8
3.2. Mannvirki B og C	9
3.3. Kirkjugarðurinn	10
3.4. Aðrar minjar á staðnum	10
5. Niðurstöður	12
Fundir	12
Afstöðumynd	13
Sniðmyndir	14

Rannsókn

Inngangur

Þann 8. ágúst 1997 fórum við, höfundar þessarar skýrslu, til Vatnsfjarðar við Ísafjarðardjúp til þess að skoða fornleifar sem þar höfðu komið í ljós þegar verið var að endurhlaða gamla kirkjugarðsvegginn á staðnum. Við dvöldum þar við athuganir til 11. ágúst.

Í nokkur ár hefur staðið til að endurhlaða hringlaga kirkjugarð í Vatnsfirði. Arkitektar höfðu verið fengnir til þess að gera skipulag af svæðinu og hafist var handa við framkvæmdir sumarið 1996. Framkvæmdastjóri Skipulagsnefndar kirkjugarða, Guðmundur Rafn Sigurðsson, tjáði okkur að fullt samráð hefði verið haft við Þjóðminjasafn um þessar framkvæmdir. Þrátt fyrir það var fornminjum rutt úr vegi á staðnum án þess að fylgst væri með því frá safninu.

Búseta hefur að öllum líkindum verið í Vatnsfirði allt frá upphafi byggðar í landinu¹ og kirkja er nefnd þar þegar á 12. öld.²

1. Fyrri rannsóknir og lýsingar á staðnum

Sumarið 1918 rannsakaði Guðbrandur Jónsson kirkjugarðinn í Vatnsfirði.³ Var það gert í þeim tilgangi að sanna þá kenningu höfundar að 'hinir kringlóttu kirkjugarðar hafi verið vígi og einmitt verið kringlóttir af þeirri ástæðu'.⁴ Hann valdi Vatnsfjörð til rannsóknar vegna þess að þar hafi verið róstusamara fyrir siðaskiptin en á flestum öðrum stöðum á Íslandi. Vatnsfjörður og

Vatnsfirðingar voru áberandi á 13. öld eins og fram kemur víða í Sturlunga sögu.

Guðbrandur lýsir aðstæðum þannig að fyrir norðan garðinn liggja eitt af gömlu bæjarhúsunum sem nú sé notað fyrir skemmu, en ekkert sjáist ofanjarðar af hinum bæjarhúsunum, þar sem bærinn mun hafa staðið frá ómunatið. Hins vegar standi núverandi bæjarhús, timburhús, byggt fyrir fáum árum, útnorður af kirkjugarðinum, og mjög óálitleg, nýbyggð, lítil steinkirkja í suður til útsuður af honum. Segir hann öll þessi hús liggja í 20-35 skrefa fjarlægð frá kirkjugarðinum.

Guðbrandur mældi kirkjugarðinn og gerði af honum uppdrátt. Reyndist hann vera mest 150 fet í þvermál frá útsuðri til landnorðurs, en 140 fet þvert á, eða aðeins sporöskjulaga. Segir hann garðinn vera hlaðinn úr klömbruhnausum með streng á milli laga, í góðu standi nema að vestanverðu, þar sem hann sé siginn og farið að hrynja úr honum. Þá segir hann að greina megi eldri hleðslu undir honum alls staðar og bendi þetta til þess að lögun garðsins sé upprunaleg. Rúst steinkirkju þeirrar sem byggð var um miðja 19. öld er í landnorðurhorni garðsins og er hún 31 x 22 fet að stærð. Jarðveginum í kirkjugarðinum hallar og hafa partar garðsins sem snúa til sjávar verið hækkaðir að utanverðu og er þar 4 til tæplega 7 fet á hæð. Forn troðningur liggur rétt hjá og telur Guðbrandur hækkun garðsins að utanverðu benda til þess að hann sé vígi. Erfitt hefur verið að sækja að honum að utan, en auðvelt að berjast innan frá. Annað sem Guðbrandur taldi benda til þess að kirkjugarðurinn hafi verið virki voru neðanjarðargöng milli kirkju og bæjar sem munnmæli voru til um.⁵ Þegar reynt var að taka


¹ Íslensk fornrit I. Íslendingabók, Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968, bls. 190-191.

² Árna saga biskups. Þorleifur Hauksson bjó til prentunar. Reykjavík 1972 bls. 32.

³ Guðbrandur Jónsson. Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal. Lýsing íslenskra miðaldakirkna. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta. V, nr. 6. Reykjavík 1919-1929.

⁴ Ibid, bls. 79.

⁵ Gils Guðmundsson nefnir þessi munnmæli í bók sinni Frá yztu nesjum. Vestfirzkir sagnaþættir. III, bls. 7.



Vatnsfirði
 I og II Girðingin þverskorin í sáid
 III Uppdráttur garðsins
 A Kirkja (rúst)
 B Grafreitir
 C Girðing
 NB Tölur innan girðingar merkja innanverða, tölur utan girðingar
 utanverða hæð hennar.

Mynd 1. Teikning Guðbrands Jónssonar af kirkjugarðinum í Vatnsfirði. Úr safni til sögu Íslands V, Tafla XII, mynd III.

grafir nokkrum árum áður en hann var á staðnum norðan kirkjurústarinnar, milli hennar og kirkjugarðsveggjar, var komið niður á tvær samsíða hleðslur sem taldar voru tilheyrja þessum göngum. Slík göng frá bæjarhúsum til kirkju voru talin benda til þess að kirkjan hafi þjónað sem griðastaður í ófriði og kirkjugarðurinn sem virki. Enn eitt sem styrkti þessa túlkun í Vatnsfirði væru vörður uppi í fjallshlíðinni nefndar Grettisvarða og Bræðravörður sem hann taldi vera útsýnisvörður.

2. Heimildir um og rannsóknir á neðanjarðargöngum og virkjum annars staðar á Íslandi

Munnmæli um neðanjarðargöng eru þekkt annars staðar frá á landinu og sums staðar hafa slík göng fundist. Í Selárdal við Arnarfjörð bjó prestur er Kári hét og er nefndur í þjóðsögum. Sagt er að hann 'hafi látið gjöra undirgang í jörðu úr Selárdalsbæ og í kirkjuna og þaðan aftur suður úr kirkjubrekkunni ofan undir ána og enn undirgang úr bænum gegnum allan túnhólinn norðvestur í

Mynd 2. Samsett ljósmynd af mannvirki A. Horft til austurs.



dæld þá er liggur upp undir fjallinu og inn í dalinn, og hafa menn nú [á] dögum fundið ljós merki til þessa undirgangs; hefur hann verið ærið rammbýggilega gjörður og djúpt í jörðu niðri⁶. Þessi munnmælasögn hefur ekki verið staðfest með fornleifarannsókn.

Á báðum biskupssetrunum var undirgangur milli bæjar og kirkju. Þess á Hólum er getið í Þjóðsögum Jóns Árnasonar⁷ og er sagt að Jón biskup Arason hafi látið gera þau til að eiga greiðan aðgang að kirkjunni ef óvinir kæmu að honum. Komið var niður á þessi göng árið 1974.⁸

Í Sturlunga sögu er talað um forskála til kirkjunnar í Skálholti.⁹ Mun þar átt við það sem síðar var nefnt undirgangur og var í notkun til 1785.¹⁰

Göngin voru grafinn upp á árunum frá 1952 til 1958. Þau reyndust vera 1,25m breið við gólf. Í þeim var hellulagt gólf með lokræsi undir, sem hallaði frá kirkjunni. Veggir voru grjóthlaðnir, e.t.v. með torfi efst, uppgerð eins og í venjulegum göngum á 17. og 18. öld, með bitum, dvergum, ás og refti, en engum stöðum, heldur hafa bitar hvílt á veggbrúnum.

Forskáli er einnig nefndur í Reykholti á 13. öld og á að hafa legið milli laugar og bæjarhúsa.¹¹

Talið hefur verið að þessi tilvitnun vísi til jarðganga þeirra sem í ljós komu er íþróttahús var

reist á staðnum stuttu eftir 1930. Undirgöng milli bæjar og laugar á dögum Snorra eru nefnd í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 til 1757¹², en ekki er ljóst af frásögninni hvort til þeirra sást er þeir voru á staðnum eða hvort hér er aðeins um munnmæli að ræða. Göng þessi voru rannsökuð og reft yfir þau árið 1941. Þau voru gerð upp aftur árið 1959¹³ og hlutar þeirra rannsakadir 1987, 1989 og 1997.¹⁴ Þau reyndust hafa verið grafinn niður í stöllum í gegnum náttúruleg leirlög. Í botninum, sem var náttúrulegur leir, voru þau um 80 cm breið, veggir voru grjóthlaðnir upp í 1,40 m hæð í innri brún en fyllt upp að með mold.

⁶ Jón Árnason. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I. Reykjavík 1954, bls. 492.

⁷ Ibid, bls. 292-293.

⁸ Kristján Eldjárn. Undirgangurinn í Skálholti. Afmælisrit Björns Sigfússonar. Reykjavík 1975, bls. 168-187.

⁹ Sturlunga saga I. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík 1946 bls. 463.

¹⁰ Kristján Eldjárn et al. Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958. Reykjavík 1988.

¹¹ Sturlunga saga I, bls. 388.

¹² Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. I-II. Reykjavík 1943, bls. 75.

¹³ Þorkell Grímsson. Gert við Snorralaug. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1960, bls. 19-47.

¹⁴ Guðrún Sveinbjarnardóttir. Rannsókn á jarðgöngum í Reykholti í Borgarfirði. Rannsóknarskýrslur Fornleifadeildar 1997, XIV. Þjóðminjasafn Íslands 1997.



Mynd 3. Gamla kirkjugarðshleðslan við mannvirki A. Mannvirki A er til hægri.

Forskáli milli bæjar og kirkju er einnig nefndur að Bæ í Bæjarsveit í Sturlunga sögu¹⁵ og á Keldum á Rangárvöllum var komið niður á jarðgöng við bæinn árið 1932.¹⁶ Þessi göng lágu þó ekki milli bæjar og kirkju. Þau voru rannsökuð sumarið 1998 vegna uppgerðar gömlu bæjarhúsanna á staðnum. Í Sturlunga sögu er oft vitnað til virkja á bæjum en engin þeirra hafa verið rannsökuð. Það má líka draga þá ályktun af tilvitnunum í Sturlunga sögu að kirkjur og kirkjugarðar hafi verið gríðastaðir.

3. Rannsóknin 1997

Við komum til Vatnsfjarðar undir kvöld þann 8. ágúst og staðarhaldarinn, séra Baldur Vilhelmsson, tók á móti okkur. Við athugun kom í ljós að rutt hafði verið með jarðýtu allt í kringum kirkjugarðinn til þess að auðvelda endurhleðsluna. Kom þetta ekki að sök að sunnan- og vestanverðu þar sem hlaða átti garðinn stærri um sig en hann hafði verið áður og ekkert grjót úr eldri hleðslum hafði komið í ljós á þessu svæði. Endurhleðsla garðsins á þessu svæði var ekki

hafin. Hins vegar var byrjað að endurhlaða garðinn að austan- og norðanverðu og hafði gömlu hleðslunni þar verið rutt úr vegi á parti. Rétt utan við miðja norðurhlið garðsins höfðu byggðaleifar komið í ljós og var framkvæmdum þá hætt. Var helst talið að hér væru komin göng þau sem munnmæli voru um að lægju milli kirkju og bæjar (sjá umfjöllun hér að ofan).

Við rannsóknina var minjasvæðinu norðan við garðinn skipt í þrennt og voru kallaðar, frá austri til vesturs: Mannvirki A, B og C.

3.1. Mannvirki A

Mannvirki A líkist helst grunnfleti ferhyrndrar byggingar með hellulögðu gólfi, byggt upp í kirkjugarðsvegginn að sunnanverðu, afmarkað af einföldum hleðsluröðum að austan og vestan og skipt í tvennt með einfaldri hleðsluröð sem liggur í norður-suður (mynd bls 13). Skurðgrafan hafði grafið alveg upp að þessu mannvirki að austanverðu og er ómögulegt að segja hvað þar hefur verið grafið í burtu. Að norðanverðu eru nokkrir steinar sem gætu markað norðurvegg byggingarinnar, en þetta þyrfti að athuga frekar.

¹⁵ Sturlunga saga I, 405.

¹⁶ Guðmundur Skúlason. Keldur á Rangárvöllum. Stuttur leiðarvisir. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1976, bls. 12-13.



Mynd 4. Til vinstri má sjá nýhlaðinn kirkjugarðinn. Steinahleðsla hægra megin við hann er hluti innri hleðslu gamla kirkjugarðsins, en ytri hlutinn hefur verið rifinn í tengslum við gerð nýja garðsins.

Stærð Mannvirkis A eins og það leit út við rannsóknina er 5,5 x 6 m.

Vestast í mannvirkinu er laus hella og benda aðstæður til þess að þar sé ræsi undir. Ekki er það augljóst annars staðar, en í þversniði II, sem er austurbrún Mannvirkis A, kemur ræsi í ljós, mun dýpra en það sem áður er nefnt, en í línu við það. Ef um sama ræsi er að ræða, hallar því snarpt til austurs. Sunnan ræsisins er þykkt mannvistarlag, en norðan þess finnst það ekki og eru lög þar hreyfð og torfi blönduð.

Nokkrir lausafundir fundust á yfirborði í þessu mannvirki sem benda til notkunar á 17. öld. Gæti hér verið mannvirki tengt starfsemi kirkjunnar á einhvern hátt.

3.2. Mannvirki B og C

Beint norður af Mannvirki A hafði grafan gert holu niður í mannvistarleifar (mynd bls 13). Við fyrstu sýn virtust hér vera samsíða hleðslur í norður-suður og leit út fyrir að hér gætu verið komin göngin fyrrnefndu. Norðan við mátti sjá dæld í túninu sem virtist liggja í átt að gamla bæjarstæðinu (sjá afstöðuteikningu á bls. 13). Nyrst á þessu svæði var mikið af smáum hellum

efst og síðan raskaðar mannvistarleifar með nýlegu gleri og torfusneplum. Á um 60 cm dýpi var komið niður á óhreyft. Syðst, næst kirkjugarðinum, var mikið af hellum í svipaðri hæð og hellurnar í Mannvirki A. Ekki var farið niður á óhreyft þar. Ljóst varð að hér voru engin göng.

Beint vestur af Mannvirki B er svo það sem við nefndum Mannvirki C, en það er smásteinahröngl, einhvers konar púkk (raskað svæði á myndbls 13). Undir því eru einnig hellur í svipaðri hæð og hellurnar í Mannvirki A.

Niðurstaðan er sú að líklegt þykir að Mannvirki A, B og C gætu öll tilheyrt sömu byggingunni sem byggð hefur verið upp að og utani kirkjugarðinn norðanverðan. Og að smásteinarnir efst séu púkk undir heimtröð sem lá þarna heim að íbúðarhúsi því sem áður er nefnt og byggt var stuttu eftir aldamótin og búið var í til 1971¹⁷. Var það stórt timburhús sem stóð í túninu norðan við kirkjugarðinn. Ef hér voru göng milli kirkju og bæjar, verða þau að vera undir Mannvirkjum A,

¹⁷ Pers. upplýsingar frá Stefáni Baldurssyni frá Vatnsfirði, fæddur 1966, en hann var 5 ára þegar flutt var úr gamla íbúðarhúsinu í það nýja.



Mynd 5. Fremst má sjá hluta Mannvirkis A en til hægri hallast stika upp að hleðslu á móti kirkjugarðinum. Fjær sést nýhlaðinn garður en nær grjótdreif úr gamla kirkjugarðinum.

B og C, en ekki sá til þeirra neins staðar annars staðar þar sem grafið hafði verið frá kirkjugarðinum.

3.3. Kirkjugarðurinn

Rétt austan við Mannvirki A mátti sjá gerð gömlu kirkjugarðshleðslunnar. Virtist hún gerð úr ytri og innri hleðslu með torfi á milli og var varðveitt allt upp í 1,7 m hæð. Undir hleðslunni er um 14 cm þykkt mannvistarlag, þar undir járnútfelling og kol sem sýni var tekið úr (sjá fundanúmer nr. 9 hér að neðan). Þar undir var óhreyfður leir.

Garður sá sem sást þegar Guðbrandur var hér á ferð hefur greinilega verið hlaðinn ofan á þessa hleðslu og var gerður úr klömbruhnausum með streng á milli.


Eins og fyrr segir var gamla hleðslan sjáanleg við norður- og vesturhlið garðsins, þar sem grafið hafði verið frá honum með skurðgröfu, og við austurhliðina hafði hún verið endurhlaðin. Ekkert sást hins vegar til hennar að sunnan og suðvestanverðu. Má vera að umfang garðsins hafi einfaldlega verið minna þar en nú er áætlað að hlaða hann og hefur hann þar með ekki verið alveg hringlaga.

Guðbrandur segir garðinn og vera siginn á þessum slóðum. Augljóst var í norðausturhorni garðsins að hann hefur verið stækkaður þar. Enda eru sagnir um að leiði hafi staðið út af honum á þessum stað.

Eins og fyrr segir stóð kirkja sem byggð var um miðja 19. öld inni í garðinum norðaustanverðum þar til núverandi kirkja var byggð suðvestan við garðinnskömmu eftir aldamótin. Engar leifar þessarar gömlu kirkju voru sjáanlegar þegar rannsókn fór fram.

Norðaustan við garðinn kom í ljós myndarleg veggshleðsla úr grjóti sem lá í austur-vestur u.þ.b. 4,8 m norður af kirkjugarðshleðslunni. Fyrst þegar við sáum þessa hleðslu datt okkur í hug síkisveggur á móti kirkjugarðsveggnum og vorum þá með virkið í huga. Hleðslurnar eru samsíða. Líklegra er þó að veggshleðslan tilheyri byggingu sem nú er að mestu hulin jarðvegi.

Reynt var að meta hvar upprunalegar útlínur garðsins höfðu verið og þetta mælt með alstöðinni. Einnig voru mældar inn byggingaleifar sem stóðu norðan við hann (sjá mynd 6).



Mynd 6. Afstöðumynd gerð eftir uppmælingu á staðnum.

3.4. Aðrar minjar á staðnum

Bærinn í Vatnsfirði mun um langan aldur hafa staðið í túninu norðan við kirkjugarðinn. Þar sér nú móta fyrir rústum.

Húsakostur í Vatnsfirði mun hafa verið góður á miðöldum eins og lýsingar bera vitni um. Í úttekt staðarins frá 1596 eru nefnd þessi hús: breiðastofa, stórastofa, stærri baðstofa, minni baðstofa, skáli mikill, mjólkurbúr, kerabúr, arkarklefi, forbúrsklefi, eldaskáli sterklegur og kvennaskáli rúmlaus þar fram af. Þá segir að öll loftin í suðurbænum séu vel standandi og sést að í þeim hefur verið sofið, segir Arnheiður Sigurðardóttir í bók sinni 'Híbýlahættir á miðöldum'.¹⁸

Árið 1709 var Jón bóndi Eyjólfsson á ferð í Vatnsfirði.¹⁹ Lýsir hann tóft sem er 24 faðmar á lengd (um 85 m) sem hann segir hafa verið skála og skálahús, og hafi hann í tvígang verið stytur.

Fjörutíu manns hafi getað sofið í loftsængunum milli bita og hafi hann einnig í tvígang verið mjókkaður. Stóra stofan þar á móti er eins breið og stór með tveim klefum. Hann heldur áfram og segir hús þessi vera við brandadyr. 'Portdyrnar eru vel með stórum glugg og borði. Þilport er þaðan að ganga til kirkju með pílárum; aðrar laundyr eru norður úr forkirkjunni og garði þar að brandadyrum gömlum. Loftbær er nú mjög minnkaður og breiða baðstofa'.²⁰

Af þessari lýsingu er helst að ráða að bærinn hafi staðið mjög nálægt kirkjunni, eða nær en þær rústir húsa sem nú sjást á bæjarstæðinu gefa til kynna. Þá er einnig gefið í skyn að einhvers konar mannvirki hafi tengt kirkju og bæjarhús (þilport). Ekki er útilokað að leifar þess hafi fundist þar sem er Mannvirki A, B og C sem skoðað var í sumar. Norðan við gamla bæjarstæðið sér móta fyrir um 14 m langri skálalaga tóft í túninu og þremur minni tóftum (mynd 6). Sjást þessar tóftir mjög vel ofan úr fjallinu. Stefán Baldursson sagði að jarðvegur sigi ætíð í syðstu tóftinni. Mætti hugsa sér að hún gæti verið jarðhús. Umfang hennar á yfirborði gæti

¹⁸ Arnheiður Sigurðardóttir. *Híbýlahættir á miðöldum*. Reykjavík 1966, bls. 66. Sjá einnig umfjöllun um húsakost í Vatnsfirði í: Hörður Ágústsson. Húsagerð á síðmiðöldum. *Saga Íslands IV*. Reykjavík 1989, bls. 290-292.

¹⁹ Jón Eyjólfsson. Ferðasaga úr Borgarfirði vestur að Ísafjarðardjúpi sumarið 1709, ásamt lýsingu á Vatnsfjarðarstað og kirkju. *Blanda*. Sögurit XVII. Reykjavík 1921-1923, bls. 225-239.

²⁰ Ibid, bls. 236-237.

einnig bent til þess. Við mældum þessar tóftir ásamt gamla bæjarstæðinu inn á afstöðukort og tengdum þær kirkjugarði, núverandi kirkju og íbúðarhúsi, og hlöðuopi í fjárhúsum. Allar mælingar voru gerðar frá mælistöð í túninu norðan við kirkjugarðinn sem fékk heitið 500. Var hún stillt þannig að Y hækkar í norður og X í austur.

Fyrir ofan túnið og gamla bæjarstæðið eru hólur. Uppi á þessum hólum eru tóftir og öskuhaugur framan við.

5. Niðurstöður

Vatnsfjörður er fornt býli og greinilegt að þar eru miklar og merkar fornminjar í jörðu. Byggingaleifar þær sem í ljós komu við norðurhlið kirkjugarðsins eru einstakar í sögu fornminja á Íslandi og sjálfsagt að rannsaka þær frekar. Vegna legu þeirra er ekki ólíklegt að þær séu eftir byggingar sem tengdust kirkjunni á einhvern hátt. Við leggjum til að ekki verði hróflað frekar við gömlu kirkjugarðshleðslunni, en að sú nýja verði hlaðin utan hennar með nýju hleðslugrjóti. Þá leggjum við til að ekki verði hreyft frekar við Mannvirki A, B og C norðan í garðinum og að þessar minjar verði rannsakaðar frekar með fornleifauppgrefti. Þegar þeirri rannsókn er lokið, mætti e.t.v. láta útlínur þessa mannvirkis sjást og fella það að kirkjugarðshleðslunni.


Eins og fyrr segir var grafinn skurður allt í kringum kirkjugarðinn þar sem nýja hleðslan á að koma.

Er áætlað að sneiða af ytri brún skurðarins til að mynda aflíðandi brekku niður að hleðslunni. Við lögðum til að fornleifafræðingur yrði á staðnum til að fylgjast með þegar það er gert, þar sem ekki er ólíklegt að þar komi upp einhverjar fornminjar.

Fundur:

1. Rauður jarðleir. Flaturlag úr disk. Brennt á botninn. Lausafundur úr Mannvirki A.
2. Stútur af flösku með einni upphleyptri, óreglulegri rök. Lausafundur úr Mannv. A.
3. Rúðugler, örþunnt, gárótt með bóllum og rispum. Fannst í 'ræsi' í prófil II í A-brún Mannvirki A.
4. Rúðugler, örþunnt, með bóllum. E.t.v. illa skorin brún. Svipað og nr. 3. Fannst í Mannvirki A.
5. Krítarpípubrot. Barmprot úr kóngi. Fannst í Mannvirki A.
6. Lausafundur úr Mannv. C: 2 brot úr steinleir, 1 nagli með óreglulegum haus, 4 glerbrot, 1 postulínsbrot, 1 úr hvítum, hörðum jarðleir með hvítum glerungi, eitt með bláu munstri.
7. Bein úr Prófil II. X496.85, Y523.03, H96.49.
8. Kolasýni úr mannvistarlagi sem leggst að gamla kirkjugarðsveggnum.
9. Kolasýni undir gamla kirkjugarðsveggnum. X498.8, Y528.27, H96.12.
10. Vefnaður. Fannst í rótudu lagi í Mannv. A.

Kirkjugarður og mannvirki tengd honum
í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp




Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp

Snið 1. Vesturhlíð mannvirkis A

Mælikvarði 1:10

Gert eftir teikningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur og Sigurðar Bergsteinssonar frá 10.08.1997




Lýsing laga:

Lag 1. Rótað lag. Mold blönduð grús.

Lag 2. Finlagskipt mannvistarlag þar sem skiptast á móðkulög og dökk leirmoldarlög.

Lag 3. Jökulleir.





Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp

Snið 2. Austurhlöð mannvirkis A
Mælikvarði 1:10
Gert eftir teikningu Guðrúnar Sveinbjargaradóttur
og Sigurðar Bergsteinssonar

- Lýsing lagat:
- lag 1. Torfkennt lag blandað smásteinum og torflinsum.
 - lag 2. Dökk mannvistarlag með miklu af kolum og beinum.
 - lag 3. Kolablönduð mósaska.
 - lag 4. Laus dökk lifraen fylling í ræsi.
 - lag 5. Brún leirkennt þétt mold. Vottar fyrir mannvist.

	steinar
	hleðslutorf
	jökulleir
	óhreifð grús og leir

Skýrslur fornleifadeildar

1997

- 1 Skýrsla yfir starfsemi fornleifadeildar 1996. Guðmundur Ólafsson.
- 2 Borgarfjarðarbraut, leið 3 og 3a. Álitsgerð vegna fornleifa. Bjarni Einarsson.
- 3 Hafnarfjarðarhöfn. Álitsgerð vegna fornleifa í tengslum við umhverfismat og nýrrar hafnaraðstöðu. Bjarni Einarsson.
- 4 Grenivíkurvegur við Fnjóská. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum. Bjarni Einarsson.
- 5 Katlar sunnan við Húsavík og Hlíðarhorn við Máná á Tjörnesi. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum. Bjarni Einarsson.
- 6 Kuml á Rauðasandi. Sigurður Bergsteinsson.
- 7 Línulögn að magnesíumverksmiðju. Sigurður Bergsteinsson.
- 8 Steinhleðslur í Þormóðsdal. Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson.
- 9 Bessastaðarannsókn 1996. Sigurður Bergsteinsson.
- 10 Smiðja á Keldum á Rangárvöllum. Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir.
- 11 Leiðigarðar á Siglufirði. Álitsgerð vegna fornleifa í tengslum við umhverfismat og fyrirhugaða leiðigarða á Siglufirði. Bjarni Einarsson.
- 12 Skíðasvæði í vestanverðum Tindastóli í Skagafjarðarsýslu. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum. Bjarni Einarsson.
- 13 Stöng í Þjórsárdal. Lagfæringar. Guðmundur Ólafsson.
- 14 Rannsókn á jarðgöngum í Reykholti í Borgarfirði. Guðrún Sveinbjarnardóttir.
- 15 Rannsókn á Eiríksstöðum í Haukadal. Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir.
- 16 Rannsókn á jarðgöngum í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Guðrún Sveinbjarnardóttir.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS